

Borgarráð 19. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samnýtingu skólalausna MSS24090105

Vísað er til liðs 4. í fundargerð stafræns ráðs frá 11. september úr fundargerð verkefnaráðs 18.04.2024 um samnýtingu skólalausna. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig standi á því að Reykjavíkurborg sé að eyða bæði tíma og fjármagni í að þróa sérlausnir eins og Bjargey til innritunar í grunnskóla án þess að hafa talað við ríkið og önnur sveitarfélög með það að markmiði að vinna saman að innleiðingu slíks kerfis fyrir alla grunnskóla landsins?

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað undanfarin ár bent á að þjónustu og nýsköpunarvið á að leita samstarfs við aðra opinbera aðila strax í stað þess að vera sífellt að eyða tíma og fjármagni í að þróa sínar eigin sérlausnir. Dæmi um það er Bjargey innritunarkerfið fyrir grunnskóla. Í upphafi átti verkefnið að snúast um uppbyggingu á sameiginlegum nemendagrundi og samnýtingu sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu á skólalausnum Reykjavíkurborgar. Nú hefur Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hafið vinnu við landlægan nemendagrund og innritunarferli. Þess vegna virðist þetta einkaframtak Reykjavíkurborgar vera að detta um sjálft sig vegna einmitt skorts á heildarsýn hvað varðar stafræna umbreytingu og þróun. Stafræn framtíð hins opinbera á Íslandi og annarsstaðar byggir á samvinnu en ekki sundrunu varðandi opinberar stafrænar lausnir handa öllum íbúum.